

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febrúar 1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á svo og Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands.

2. gr.

Í stað orðanna „eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en“ í 2. mgr. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. laganna komi orðin: sambærilegt endurgjald fyrir starf sitt og.

3. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 32. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, svo sem lóðarréttindi, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 14. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1980, bætist nýr málslíður er orðist svo:

Frá fasteignamati leigulóðar í þessu sambandi skal draga afgangsskvaðarverðmæti, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr.

5. gr.

5., 6., 7. og 8. mgr. 16. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:

Falli sala íbúðarhúsnæðis bæði undir ákvæði þessarar greinar og 14. gr. skal söluhagnaði skipt til skattlagningar í sama hlutfalli og er milli þess rúmmáls íbúðarhúsnæðis sem seljandi átti umfram 600 m³ á söludegi eða 1 200 m³, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr., og heildarrúmmáls hins selda húsnæðis.

Fjármálaráðherra skal ákveða með reglugerð hvernig reikna skuli rúmmál íbúðarhúsnæðis samkvæmt þessari grein.

Við útreikning á söluhagnaði af íbúðarhúsnæði skal ekki telja til stofnverðs eignaauka vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Ákvæði þessarar greinar gilda um íbúðarhúsnæði án tillits til byggingarstigs og ná einnig til lóða eða lóðarréttinda sem slíku húsnæði fylgja, enda sé lóðin innan þeirra stærðarmarka sem almennt gerist um íbúðarhúsalóðir. Um söluhagnað lóðar umfram þessi mörk gilda ákvæði 14. gr.

6. gr.

2., 3. og 4. málslíður 2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda ákvarðast annað hvort sem samanlagt nafnverð hlutabréfanna og þeirra jöfnunarhlutabréfa sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sé það hærra. Kaupverð hlutabréfa sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr. skal ákvarðast jafnt framreiknuðu kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt framreiknuðu meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

7. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Tap á sölu eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri er heimilt að gjaldfæra á söluári, sbr. 34. gr., þó ekki tap á sölu eigna þeirra sem um er rætt í 17. og 18. gr.

8. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Þegar seld er sérgreind fasteign eða mannvirki. ásamt lóð, landi eða réttindum tengdum þessum eignum, í heild eða að hluta, skal söluverðinu skipt í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats á söludegi. Sama gildir um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu. Þegar um lóðarréttindi er að ræða skal afgjaldskvaðarverðmætið, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr., dregið frá fasteignamati áður en hlutfallið er reiknað.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um ákvörðun stofnverðs.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um skiptingu söluverðs milli mannvirkis og leigulóðar þegar selt er mannvirki sem stendur á leigulóð og endurmetið var í hendi seljanda á árinu 1979 á grundvelli upphaflegs stofnverðs.

9. gr.

4. tl. 28. gr. laganna orðist svo:

Eignaauki sem stafar af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota. Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis, sbr. 14. og 16. gr., telst þó sem mismunur heildarandvirðis að frádregnum beinum kostnaði við sölu annars vegar og framreiknaðs stofnverðs án eigin aukavinnu hins vegar.

10. gr.

Aftan við 3. tl. C-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 1. gr. 1. nr. 20/1980, komi ný mgr., er orðist svo:

Nú nýttist námsmanni 20 ára eða eldri eða maka hans ekki námsfrádráttur samkvæmt þessum tölulíð meðan á námi eftir 20 ára aldur stendur og er honum þá heimilt að draga fjárhæð, er svarar heildarupphæð hins ónýtta námsfrádráttar, frá tekjum á næstu fimm árum eftir að námi lýkur og skal við notkun þessarar heimildar taka tillit til þeirrar lækkunar í tekjuskattsstofni er foreldri námsmanna kynni að hafa notið samkv. ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Fjárhæð frádráttarins skal skipt jafnt á hvert þessara fimm ára, en frádráttarfjárhæð vegna hvers árs skal síðan hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 26. gr.

11. gr.

Í stað orðsins „fasteignaskulda“ í 2. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1981, komi: fasteignaveðskulda.

12. gr.

Við E-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 3. tl. og orðist svo:
Helming greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota enda sé hún vegna tekjuársins.

13. gr.

3. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Hjá öðrum mönnum en þeim sem skattlagðir eru eftir reglum þeim sem gilda um hjón, sbr. 63. gr., skal þessi frádráttur aldrei nema lægri fjárhæð en 550 000 gkr., hjá einstæðum foreldrum, sbr. 69. gr., skal þessi lágmarksfrádráttur vera 75% hærri.

14. gr.

1. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1980 orðist svo:

Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færast til tekna. Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 40% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr. Þegar 60% af tekjufærslu ársins skv. 53. gr. eru hærri en fjármagnskostnaður skv. 51. gr. að fráðregnum fjármagnstekjum skv. 8. gr. er heimilt, auk fyrninga skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar, að fyrna þessar eignir um fjárhæð er nemur allt að þessum mun að viðbættum 6% af þeim stofni er tekjufærsla skv. 53. gr. er reiknuð af.

15. gr.

2. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:

Skal hundraðshluti þessarar fyrirframfyrningar nema að hámarki sama hundraðshluta og tekjufærsla skv. 53. gr. og reiknast hann af fjárhæð sem er jafnhá fjárfestingu í þessum rekstrarfjármunum í lok næst liðins árs.

16. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Hjá lögaðilum skal árlega tekið tillit til þeirra áhrifa sem almennar verðbreytingar hafa á eignir þeirra og skuldir, eftir því sem nánar er ákveðið í grein þessari. Sama á við hjá þeim mönnum er hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi varðandi þær eignir þeirra og skuldir sem rekstrinum eru tengdar.

17. gr.

5. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Þegar heildarskuldir skattaðila skv. 76. gr. eru hærri en heildareignir hans skv. 73. gr. í lok reikningsárs skal sá hluti reiknaðrar tekjufærslu samkvæmt þessari grein falla niður sem umfram er tap ársins og ójöfnuð töp frá fyrri árum. Með tapi ársins er í þessu sambandi átt við skattskyldar tekjur ársins að fráðregnum frádráttarþærum gjöldum ársins án tillits til verðbreytingarfærslu. Hjá mönnum, er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er með heildareignum og heildarskulddum í þessari málsgrein átt við allar framtalsskyldar eignir þeirra og skuldir án tillits til þess, hvort þær eru tengdar rekstrinum eða ekki. Til eigna í þessu sambandi telst þó ekki verðmæti íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar allt að 50 000 000 gkr. (500 000 kr.) og til skulda teljast ekki þær skuldir sem sannanlega hafa verið notaðar til öflunar þessara eigna. Fjárhæð í 4. málslið þessarar mgr. er grunnfjárhæð og skal hún hækkuð eða lækkuð árlega samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., í fyrsta skipti við álagningu skatta ársins 1982.

18. gr.

7. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Verðbreytingarfærslu samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og skal miða við stöðu eigna og skulda í lok næst liðins reikningsárs.

19. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðist svo:

Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri eða hærri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., án þess að skýringar fylgi, skal skattstjóri skriflega skora á framteljanda að láta í té skriflegar skýringar á framtöldu endurgjaldi studda nauðsynlegum gögnum, sbr. 1. mgr. 96. gr. Berist ekki fullnægjandi skýringar eða gögn innan tilskilins tíma skal skattstjóri ákvarða honum endurgjald fyrir starfið. Ríkisskattstjóri skal árlega setja viðmiðunarreglur til leiðbeiningar fyrir skattstjóra varðandi þessa ákvörðun og reglur um framkvæmd greinarinnar að öðru leyti. Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglurnar við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma. Skal hann hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein. Viðmiðunartekjur þeirra, er landbúnað stunda, skulu miðast við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða að frádregnum einum þriðja, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem þess ef bændur ná ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra. Skattstjóri skal við ákvörðun sína gæta aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Við ákvörðun launa elli- eða örorkulífeyrisþega skal þess gætt, að tap myndist ekki við það á rekstrinum. Við ákvörðunina skal taka tillit til launatekna frá öðrum. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má aldrei mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. og gjaldfærslu skv. 53. gr.

20. gr.

1. málsliður 1. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

21. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 3 241 379 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 2 965 517 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 35% en af tekjuskattsstofni yfir 6 206 896 gkr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

22. gr.

68. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 524 828 gkr. Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt

hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur sem enn er óráðstafað fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

23. gr.

Á eftir 1. mgr. 80. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr. greinarinnar, og orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattstofns hans þegar svo stendur á sem greinir í 1. og 7. tl. 1. mgr. 66. gr.

24. gr.

Í stað 1. mgr. 98. gr. laganna (sbr. 44. gr. laga nr. 7/1980) komi:

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skv. 95. gr. og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. og skulu skattstjórar þá semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir skv. lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

25. gr.

Á eftir 7. mgr. 100. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 8. mgr. greinarinnar, og orðist svo:

Berist ríkisskattanefnd kæra og hún er rökstudd með skattframtali, sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra, getur nefndin sent kærana til skattstjóra til uppkvaðningar kæruúrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun. Skattstjóri skal hafa kveðið upp kæruúrskurð í slíku máli innan 30 daga frá því honum barst það til meðferðar.

26. gr.

3. mgr. 101. gr. laganna orðist svo:

Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákvarðað skattaðila skattstofn og skatt að nýju eða falið það skattstjóra, enda séu uppfyllt skilyrði 96. og 97. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar eftir reglum 99. og 100. gr.

27. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 107. gr. laganna orðist svo:

Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

28. gr.

1. málsli. 5. mgr. 107. gr. laganna falli niður.

29. gr.

1. mgr. 112. gr. laganna orðist svo:

Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 1.—4. og 6.—8. mgr. 110. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 110. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

30. gr.

Á eftir 2. málslið 1. mgr. 113. gr. laganna (sbr. 49. gr. laga nr. 7/1980) bætist nýr málsliður er orðist svo:

Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum skv. lögum þessum og gjöldum skv. IV. kafla laga nr. 73/1980.

31. gr.

Á eftir orðunum „1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr.“ í 121. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1980, bætist við: 2. mgr. 30. gr.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði 10. og 12. gr. eigi koma til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta á árinu 1982 vegna tekna ársins 1981.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða

Ríkisskattstjóri getur veitt gjaldendum heimild til fyrningar skv. 14. gr. laga þessara vegna rekstrarársins 1979, enda komi fram umsókn um það frá gjaldanda.

Fjármálaráðherra skal fela ríkisskattstjóra að kanna í hvaða mæli reglur laga nr. 40/1978 með síðari breytingum, er lúta að fyrningum af endurmetnu stofnverði, meðferð fjármagnskostnaðar og reiknuðum verðbreytingarfærslum, hafa leitt til verulegrar þyngingar á skattbyrði miðað við reglur eldri laga hjá einstökum hópum manna er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Skal könnun þessari lokið fyrir nóvemberlok 1981 og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir Alþingi.

Ákvæði 1. mgr. 98. gr. varðandi samningu og framlagningu álagningarskrár öðlist ekki gildi fyrr en við álagningu 1982 vegna tekna ársins 1981 og eigna í lok þess árs.

Gjört á Selfossi 21. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.